

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 3. desember 2024

Mál nr. S-3156/2023:

## Ákærvaldið

(Sonja Símonardóttir saksóknarfulltrúi)

## gegn

Jóni Valgeiri Stefánssyni

(Leó Daðason lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 8. október, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 23. nóvember 2023, á hendur Jóni Valgeiri Stefánssyni, kt. 000000-0000, [...], „fyrir eignaspjöll, húsbrot og brennu, en til vara eignaspjöll, húsbrot og stórfelld eignaspjöll, með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 11. febrúar 2020, við [...] í Hafnarfirði, brotið útiljós við sumarhús [...], að óþekktu verðmæti og því næst farið heimildarlaust inn um glugga á sumarhúsi [...], og þar inni kveikt eld, með þeim afleiðingum að sumarhúsið brann til grunna. Með athæfi sínu olli ákærði eldsvoða sem hafði í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr., 231. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 231. gr. og 1. og 2. mgr. 257. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

## Einkaréttarkrafa:

Af hálfu TM trygginga hf., kt. 000000-0000, er gerð sú krafa að ákærði verði dæmdur til greiðslu 15.605.544 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá tjónsdegi, 11. febrúar 2020, til þess dags er dómsmál er höfðað, en samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. 3. mgr. 176. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.“

Ákærði játar þá háttsemi er í ákæru greinir en mótmælir heimfærslu til 1. mgr. sbr. 2. mgr. 164. gr. laga nr. 19/1940 og telur að í hennar stað skuli heimfært til 3. mgr.

257. gr. sömu laga. Við munnlegan málflutning var af hans hálfu krafist sýknu, til vara að ákærða yrði ekki gerð refsing en til þrautavara vægustu refsingar. Ákærði mótmælir bótakröfu og krefst lækkunar hennar.

#### Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning kl. 10:29 hinn 11. febrúar 2020 um eld í sumarhúsi í [...] við [...]. Lögregla og slökkvilið fóru á vettvang. Í frumskýrslunni segir að á vettvangi hafi mátt sjá „að sumarhúsið var þegar brunnið og engan eld að sjá í rústunum.“ Afar lítinn reyk hafi lagt frá rústunum og hafi slökkviliðið ekki talið þörf á að slökkva í. Sumarhúsið hafi verið staðsett austan megin við [...] og gengið inn í það frá veginum. Við vegslóða upp að húsinu hafi mátt sjá skóför.

Í skýrslu rannsóknarlögreglumanns segir að [...] hafi haft samband við lögreglu og greint frá að í umferð væri upptaka sem staðfest væri að tekin hefði verið í sumarhúsinu. Sæist á upptökunni Jón Valgeir Stefánsson, ákærði í máli þessu, og heyrðist í A. Mætti sjá á upptökunni sparkað upp hurð í húsinu. Í framhaldinu fékk lögregla tvær upptökur sendar. Í skýrslunni segir að á annarri hafi mátt sjá A sparka upp hurð í sumarhúsi en á hinni mátt sjá ákærða sitja undir stýri skemmdrar bifreiðar og loftpúðar framsæta sprungnir út. Þá segir í skýrslunni að frá nánar greindu fyrirtæki hafi lögregla fengið þær upplýsingar að faðir ákærða hafi klukkan 09:36 um morguninn óskað eftir að bifreiðin [...] yrði sótt á [...] þar sem ákærði hafi misst stjórn á henni og hún hafnað á steini og utan vegar. Hafi bifreiðin verið flutt á [...]. Í skýrslunni segir að rannsókn hafi leitt í ljós að bifreiðinni hafi verið ekið út af 800 m frá sumarhúsinu.

Í skýrslunni segir að í framhaldinu hafi þeir ákærði og A verið handteknir. Við rannsóknina hafi komið í ljós að samskonar skóför hafi verið á skóm þeirra og hafi fundist við sumarhúsið. Í farsíma ákærða hafi mátt sjá upptökur sem vistaðar hafi verið á Snapchat reikningi í farsíma hans 11. febrúar frá klukkan 02:18 til 03:52. Á upptökunum hafi mátt sjá bæði ákærða og A. Á upptökum sem vistaðar hafi verið kl 03:19 og 03:51 hafi mátt sjá eld í fjarska.

Þeir ákærði og A gáfu skýrslu hjá lögreglu. Í skýrslu rannsóknarlögreglumanns kemur fram að ákærði hafi borið að þeir A hafi ekið um og lent í umferðaróhappi. Þeir hafi gengið og séð sumarhúsið, fundið leið inn um glugga og byrjað að gera það sem þeim hafi dottið í hug. Þeir hafi brotið diska og fíflast. Ákærði hafi sagt þá báða hafa átt hugmyndina að kveikja í og hafi þeir kveikt í, hvor með sínum kveikjara. Eldurinn hafi

byrjað að loga inni í skáp. Þegar þeir hafi farið þá hafi ekki logað mikill eldur, þeir hafi haldið að hann myndi slokkna. Þegar þeir hafi farið út hafi þeir kveikt aftur í við arininn. Þeir hafi ekki ætlað að kveikja í húsinu, bara kveikja eld. Þeir hafi aldrei séð að kviknað væri í húsinu. Þeir hafi ekki séð reyk. Þeir hafi brotið ljós við sumarhús númer [...]. Í skýrslu rannsóknarlögreglumannsins er jafnframt haft eftir A að þeir hafi ekið um og ákærði ekið á stein. Ákærði hafi verið ölvaður og A búinn að drekka einn eða tvo bjóra. Þeir hafi ákveðið að ganga til baka og á leiðinni hafi ákærði séð sumarhús og sagt að viðgerðin yrði kostnaðarsöm og hugsanlega væri hægt að brjótast inn og finna eitthvað til að borga viðgerðina. Þeir hafi gengið gegnum hlið við sumarhúsið sem hefði brunnið og farið upp að sumarhúsinu til að finna leið inn. Ákærði hafi brotið hlut sem hann hafi talið vera myndavél. Þeir hafi svo haldið áfram að leita. Þeir hafi farið inn í sumarhús númer [...]. Ákærði hafi fundið skóflu og notað hana til að opna glugga. Hann hafi leitað að hlutum til að borga viðgerðina en enga fundið. A hafi leitað með honum. Ákærði hafi svo farið að brjóta hluti og A með honum. Ákærði hafi fundið slökkvitæki sem hann hafi ákveðið að tæma. Þeir hafi sprautað hvor á annan. Ákærði hafi sagt að þeir ættu að kveikja í húsinu vegna fingrafara. A hafi sagt að það væri ekki góð hugmynd. Ákærði hafi sagt að það væri betra því hann væri á síðasta séns. A hafi sagt ákærða að hann gæti gert það sem hann vildi, hann vildi ekki koma nálægt þessu. A hafi beðið hjá útidyráhringurinn þar til ákærði hefði verið búinn að kveikja í. Það hafi kviknað í og þeir svo hlaupið í burtu. Ákærði hafi kveikt í kotta og teppi við hliðina á vaskinum og svo tekið eldhúspappír og við og sett við arininn og kveikt í. Hann hafi sparkað í stól og sett við arininn og kviknað hafi í stólnum. A hafi fimm sinnum sagt að þeir þyrftu að hringja en ákærði neitað. Það hafi logað í húsinu þegar þeir hafi farið, fyrst inni en þegar þeir hefðu verið komnir frá húsinu hafi eldur verið kominn upp og reykur. Þeir hafi farið upp á hól og ekki séð neitt nema loga. Spurður hvort þeir hafi reynt að slökkva hafi A neitað, þeir hafi verið búnir að tæma slökkvitækið áður.

Loks segir í skýrslu rannsóknarlögreglumannsins að fram komi í skýrslu tæknideildar lögreglu að ekki hafi verið hægt að sjá hvað hafi valdið upptökum eldsins.

Ákærði gaf skýrslu að nýju fyrir lögreglu 17. nóvember 2022. Var hann þá spurður hvort hann vildi breyta einhverju frá fyrri framburði en kvaðst ekki muna hvað hann hefði sagt. Nánar spurður sagði ákærði að hann hefði einn kveikt í og að það hefði verið „nær eldhúsinu“. A hefði verið inni í bústaðnum þegar ákærði hefði kveikt í og spurður hvort A hefði átt þátt í því svaraði ákærði: „Hann var ekkert að reyna að stoppa

mig við það.“ Frásögn A á þá leið að ákærði hefði vilja kveikja í vegna fingrafara og að ákærði hefði sagt að hann væri á síðasta séns, var borin undir ákærða. Hann neitaði henni og sagði ekkert rétt í frásögn A. „Við vorum að leika okkur að brjóta diska í heimsku. Svo þróaðist þetta í það að kveikja í. Hann var alveg með mér og meðvitaður um það og á endanum kviknaði bara í.“

Í ágúst 2023 fór ákærvaldið fram á að dómkvaddur yrði matsmaður til að meta hvort sú ætlaða háttsemi ákærða, að kveikja í sumarhúsinu aðfaranótt 11. febrúar 2020, hefði valdið almannahættu sbr. 164. gr. almennra hegningarlaga og hvort íkveikjan hafi haft í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna. Með úrskurði [...] varð héraðsdómur við kröfunni og var úrskurðurinn staðfestur með úrskurði Landsréttar í máli nr. [...]. B verkfræðingur var dómkvaddur til að vinna matið. Í matskýrslu hans, dags. 19. október 2023, segir meðal annars að sumarhúsið hafi verið á einni hæð og stærð þess samkvæmt samþykktri teikningu 49,5 fm og 132 rm. Engin lýsing sé á teikningunum á því hvernig húsið hafi verið byggt en sjá megi af myndum í lögregluskýrslu að húsið hafi verið úr timbri, burðargrind veggja og þaks. Engin lýsing hafi verið á klæðningum innanhúss en venja á byggingartíma hafi verið að hús hafi verið klædd að innan með timburpanel og/eða spónaplötum en ekki gifsplötum sem nú sé algengt. Af ljósmyndunum megi einnig sjá að ekkert hafi orðið eftir af innveggjum eftir brunann sem bendi til þess að allt meginbyggingarefni hússins hafi verið brennanlegt. Þá segir í matsgerðinni að húsið hafi verið rúmlega 7 km frá næstu slökkvistöð og megi ætla að aksturstími sé minnst tíu mínútur frá útkalli. Í matsgerðinni segir að ætla megi, af myndum að dæma, að bruninn hafi byrjað um klukkan þrjú um nóttina og staðið eitthvað fram yfir klukkan fjögur. Þá segir meðal annars að í lögregluskýrslum komi fram „að upptakastaðir virðist hafa verið tveir, í eldhúsinu og við arininn og hafi mesti eldurinn verið þar í byrjun. Kveikt var í ýmsum lausamunum úr taui, pappír, timbri og „kósý stól úr við“ en sú gerð stóls ekki skýrð nánar. Lofthæðin við útvegginn þar sem arininn er staðsettur var líklega um 1,6 m en á teikningu er málsett 1,8 m yfir sperru við útvegg. Eldurinn sem kemur upp af þessum hlutum sem kveikt hefur verið í hefur verið nægjanlegur til að logarnir hafa lagst að veggnum og upp eftir þakfletinum sem hallar um 30°. Timbur í panel eins og algengast er að nota er frekar létt í sér og auðbrennanlegt.“

Í matsgerðinni segir einnig að húsið hafi staðið norðan [...] og sunnan húsa sem merkt séu [...] og [...]. Fjarlægð að [...] til norðurs sé um 34 metrar mælt af loftmynd

en um 26 metrar að skúr sem sé fyrir sunnan húsið [...]. Fjarlægð að húsinu [...] mælist um 61 metri. Þá segir: „Þessar fjarlægðir eru umfram þær fjarlægðir sem byggingarreglugerð mælir fyrir um sem lágmark til að tryggja vörn gegn útbreiðslu elds milli bygginga. Ekki hefur verið hætt á að eldur gæti borist í þessi hús vegna þess að fjarlægðir eru það miklar. Samkvæmt lögregluskýrslum þá sviðnaði gróður við bústaðinn vegna hitans. Þarna var um að ræða há greni- og birkitré en ekki kemur fram að það hafi kviknað í þeim. Þessi tré eru nær allt í kringum bústaðinn nema til vesturs. Á þeim tímum þegar gróður er mjög þurr er hætt á að eldur komist í grenitré og valdi hættu á útbreiðslu elds í þeim en sú hætt er almennt ekki fyrir hendi í lauftrjám s.s. birki. Lítilsháttar snjór var á jörðu og því ekki hætt á að eldur breiddist út milli húsanna eftir sinu eða öðrum lággróðri.“

Þá segir í matsgerðinni: „Þegar skoðað er hvort almannahætta stafi af brunanum þarf fyrst að skoða hvort um eldsvoða hafi verið að ræða. Samkvæmt lögregluskýrslum byrjar eldurinn við arininn og í eldhúsinu og breiddist þaðan um allt húsið. Þegar slökkviliðið kemur á vettvang morguninn eftir var húsið brunnið til grunna og einungis hluti af timburveröndinni var óbrunninn. Þar sem eldurinn hjaðnar ekki niður í upphafshlutum sínum en breiddist út til annarra hluta er hér um eldsvoða í skilningi 164. gr. almennra hegningarlaga að ræða en með skýringum við þessa grein laganna stendur: „Með eldsvoða er átt við það, að nauðsyn sé sérstakra slökkviráðstafana til að vinna bug á eldinum.“ Eins og fram kemur í inngangi er úrlausnarefni matsmanns að meta hvort meint íkveikja hafi valdið almannahættu, sbr. 164. gr. almennra hegningarlaga. Almennt er að meta hér tvennskonar hagsmuni; líf manna og limi og svo beina fjárhagshagsmuni og eru þá bæði skoðaðir hagsmunir sem bundnir voru við eignina sem kviknaði í og svo utan hennar í öðrum fasteignum og lausafé.“ Fjallar matsmaður svo um annars vegar hvort mönnum hafi verið bersýnilegur lífsháski búinn og hins vegar hvort íkveikja hafi haft í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.

Um fyrra atriðið segir matsmaður: „Hér er skoðuð hætt á að hagsmunir, þ.e. líf manna og limir sem bundnir voru við eignina sem kviknaði í og einnig utan hennar færu forgörðum eða spilltust og hvort mönnum hafi verið bersýnilegur lífsháski búinn af eldsvoðanum. Hér er „eignin“ talin vera allt sumarhúsið [...] við [...]. Ljóst er að íkveikjan í húsinu þróast með þeim hætti að eldurinn nær fljótt festu í vegg og loftaklæðningum og þegar þær eru farnar að brenna breiddist eldurinn upp og út eftir þakfletinum í aðra brennanlega hluti í húsinu sem endar á því að yfirtendrun verður í

herberginu sé ekkert að gert. Þegar eldurinn var kveiktur var enginn í sumarhúsinu utan ætlaðra brennumanna og því ekki hætta fyrir nokkurn þriðja aðila í sumarhúsinu þrátt fyrir að eldurinn valdi yfirtendrun í því og að það brenni til grunna. Almannahætta hefur því ekki verið til staðar fyrir fólk af þessum bruna og engum mönnum hefur verið bersýnilegur lífsháski búinn af eldsvoðanum hvorki í eigninni sem kveikt var í né utan hennar.“

Um síðara atriðið segir matsmaður: „Varðandi þennan lið þá er ljóst af ofangreindu að eldurinn breiðist fljótt út um allt húsið sem verður alelda á 5-10 mín eftir að eldurinn er kominn af stað í vegg- og loftaklæðningunum. Ekki var kallað eftir aðstoð slökkviliðs en vegna fjarlægðar frá slökkviliði má ætla að yfirtendrun hefði verið orðin áður en slökkviliðið kæmi á vettvang og gæti hafið slökkvistarf enda þótt það hefði verið kallað til í byrjun. Yfirtendrunin leiðir til þess að yfirgripsmikil eyðilegging verður á öllu sumarhúsinu af eldinum hvort sem horft er til fasteignarinnar sjálfrar eða lausafjár. Vegna fullnægjandi fjarlægða frá sumarhúsinu að öðrum eignum er ekki hætta á að eldur eða reykur berist frá eldinum í þeim mæli að það valdi skemmdum á nálægum húsum, bifreiðum eða á öðru lausafé í næsta nágrenni sumarhússins og því er ekki hætta á að neinir aðrir hagsmunir færust eða spilltust utan sumarhússins [...]. Almannahætta hefur því verið til staðar fyrir fjárhagshagsmuni af eldsvoðanum og ljóst að yfirgripsmikil eyðing verður á öllu sumarhúsinu [...] en almannahætta er ekki til staðar utan sumarhússins hvorki á nálægum húsum, bifreiðum eða öðru lausafé.“

Að ósk ákærða voru dómkvaddir yfirmatsmenn til að svara sömu matsspurningum. Völdust til verksins C byggingaverkfræðingur og D byggingafræðingur. Í yfirmatsgerð þeirra, dags. 23. apríl 2024 segir meðal annars: „Í lögregluskýrslu [...] kemur fram að upptök elds hafi verið á tveimur stöðum í húsinu. Í eldhúsi, kveikt í koddar og teppi. Í stofu við arin; kveikt í eldhúspappír, við (timbur) og stól.“ Þá segir í yfirmatsgerð að fjarlægð „nálægðra húsa við hús [...] er um 25fm og um 92 fm. Fjarlægðir uppfylla byggingarreglugerð samkvæmt grein 9.7.5.“

Í niðurlagi yfirmatsgerðar er fjallað um mat „á háttsemi ákærða hvort íkveikja í sumarhúsi [...] hafi valdið almannahættu“. Þar segir í yfirmatsgerðinni: „Um er að ræða eldsvoða. Eldsvoði er skilgreindur sem mikill eldur, húsbruni. Eldsvoði er stjórnlaus bruni sem ógnar lífi fólks, eignum og umhverfi. Eldsvoði er þegar eldur er laus og nauðsyn er sérstakra slökkviráðstafana. Sýnt hefur verið fram á það hér á undan að umrætt sumarhús er úr timbri og getur hafa orðið alelda á um 5 mínútum. Hrun hússins

tekur um 60 mínútur. Í lögregluskýrslu kemur fram að gróður sviðnaði (hávaxinn greni- og birkitré) við sumarhúsið. Einnig að bruninn hafi orðið að vetri til, snjór á jörðu og veður var kyrrt (logn). Möguleiki gæti hafa orðið á gróðureldum eða sinu ef bruninn hefði átt sér stað á öðrum árstíma í öðru veðurlagi og þurrum gróðri. Einnig hefur verið sýnt fram á að vakandi eða sofandi fólk inni í slíku sumarhúsi getur orðið fyrir miklum skaða eða bana við aðstæður sem þessar [...].“

Einnig er fjallað um mat á „hvort íkveikjan hafi haft í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.“ Þar segir í yfirmatsgerðinni: „Í lögregluskýrslu kemur fram að kveikt er í vísvitandi. Sem hefur í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðileggingu á sumarhúsinu (eign). Áætla má að sumarhúsið varð líklega alelda á um 5 mínútum [...]. Vegna fjarlægðar við slökkvistöð er yfirtendrun þegar hafin þó svo hringt hefði verið á slökkvilið í upphafi elds. Með öðrum orðum er líklegt að slökkvistarf hæfist ekki fyrr en eftir yfirtendrun, því áætlaður aksturstími slökkviliðs er a.m.k. 10 mínútur. Á um 60 mínútum er sumarhúsið gjörónýtt. Allt brann sem brunnið gat í sumarhúsinu og má rekja það til árstíma og veðurfars að eldur hafi ekki náð til nærliggjandi fasteigna. Það er mat yfirmatsmanna að meinta háttsemi ákærða [...] að kveikja í sumarhúsi [...] við [...] í [...], aðfaranótt 11. febrúar 2020 hafi valdið almannahættu sbr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ásamt því að íkveikjan hafi haft í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra.“

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu ræddi lögregla við E eiganda húss númer [...] hinn 12. febrúar. Er haft eftir honum að stór ljóskastari, sem lýst hafi upp pall hússins hafi verið brotinn með skóflu. För í snjónum hafi verið frá bústaðnum að húsi númer [...] og skóflan dregin á eftir. Er bókað að E hafi gert refsikröfu á hendur þeim sem verið hafi að verki.

#### Skýrslur fyrir dómi

Ákærði sagðist hafa verið á ferð með manni að nafni A. Ákærði hefði ekið bifreiðinni „sem fannst í klessu“. Hann hefði verið búinn að drekka „nokkra bjóra“ og „við klesstum bílinn“. Þeir hefðu verið að ganga heim „og þá rekumst við á þennan bústað“ og hefðu tekið eftir „að það var gluggi opinn á bústaðnum“ en úti „skítakuldi“. Þeir hefðu farið inn um gluggann „og þá byrjar bara einhver fíflagangur“ og þeir tekið „að brjóta diska og eitthvað“. Í framhaldinu hefði þetta farið „út í einhverja algera vitleysu, að við tókum einhvern pappír og ég setti hann inn í einhvern skáp og kveikti í

honum og lokaði og síðan vorum við bara farnir mjög fljótt eftir það sko, vorum ekkert eitthvað mikið að hangsa inni í bústaðnum, vorum kannski max tíu mínútur og síðan byrjum við að labba þá heim“. Ákærði sagðist hafa verið kominn fram hjá [...] þegar hann hefði snúið sér við, til að kanna hvort félagi hans væri með sér ennþá, „og þá sé ég bara logann þarna í bakgrunninum“. Þá hefðu að minnsta kosti tuttugu mínútur verið liðnar frá því ákærði hefði yfirgefið bústaðinn. Ákærði tók fram að hann hefði verið átján ára og ekki þorað að hringja í lögregluna, þó hugsanlega hefði hann átt að gera það. Nánar spurður sagðist hann hafa séð „blossann þarna bara í bakgrunninum sko, gegnum trén og allt, og tók það upp á snapchat.“

Nánar spurður hvernig eldurinn hefði kviknað sagði ákærði að hann hefði tekið nokkur blöð af eldhúspappír, „kveikt í því og sett inn í skáp“. Þeir hefðu líklega farið „mjög snögglega eftir það“ og ákærði þá engan reyk séð. Skápurinn hefði verið „fyrir ofan eldhúsið“. Eldurinn hefði verið kveiktur með litlum kveikjara. Ákærði sagði að ekki hefði verið kveiktur eldur annars staðar. A hefði ekki kveikt eld. Þeir hefðu ætlað að kveikja eld í arninum en „við fórum bara áður en það gerðist.“ Ákærði sagðist ekki hafa reynt að slökkva eldinn, hann hefði gert ráð fyrir að hann slokknaði af sjálfu sér. Nánar spurður um hvað hann hefði séð fyrir sér sagðist hann ekki vita það og bætti við að hann hefði verið „mjög heimskur á þessum tíma.“ Spurður hvort hann hefði velt fyrir sér hvað gæti gerst svaraði ákærði að hann hefði „ekkert [verið] að pæla í því“. Nánar spurður bætti ákærði við að hann hefði verið „nýbúinn að klessa bílinn“ sinn og vissi ekki hvað hann hefði verið „að pæla“.

Ákærði sagði að þeir hefðu alls ekki farið í húsið til þess að kveikja í því.

Borið var undir ákærða að samkvæmt lögreglurannsókn hefði eldur kviknað á tveimur stöðum og neitaði ákærði því.

Borið var undir ákærða það sem eftir honum er haft í lögregluskýrslu þess efnis að eldurinn hefði byrjað að loga í skáp og þeir hafi haldið að hann myndi slokkna, en þegar þeir hefðu farið hefðu þeir kveikt aftur í við arininn. Ákærði svaraði að þeir hefðu ætlað að kveikja upp í arninum en hefðu ákveðið að „fara frekar, af því að okkur datt í hug að það væri eitthvað öryggiskerfi á bústaðnum. Þannig að við ákváðum frekar bara að fara strax.“

Borið var undir ákærða það sem eftir A er haft í lögregluskýrslu, þess efnis að ákærði hafi kveikt í kotta og teppi og svo eldhúspappír og sett við arininn. Ákærði neitaði þessu og sagði að A segði þetta til að bjarga sjálfum sér á kostnað ákærða. Ákærði

hefði frétt hvað A hefði sagt í skýrslutökunni og hefði því ákveðið „að taka þetta á mig og segja rétt frá“.

Borið var undir ákærða það sem eftir A er haft í lögregluskýrslu, að ákærði hafi sagst ætla að kveika í bústaðnum vegna fingrafara. Ákærði neitaði þessu.

Ákærði sagðist hafa farið [...]. Sér hefði gengið frekar vel og liði betur en áður.

Vitnið B verkfræðingur sagði ljóst „að eftir að er kveikt í húsinu að eldurinn kemst í eitthvað sem gerir það að verkum að hann vex og húsið verður alelda og brennur í raun og veru alveg niður, vegna þess að slökkviliðið kemur ekki á staðinn vegna þess að þetta er ekki tilkynnt fyrr en svo seint, að þá er alveg ljóst að við þessa íkveikju þá brennur húsið alveg niður. Það er líka byggt í raun og veru á þann hátt eins og sumarhús eru gerð á þessum tíma, að það er ekkert sem stoppar eldinn eftir að hann kemur á stað.“ Vitnið sagði að í matinu hafi verið kannað, „eftir að eldurinn fer af stað hvort að sé hætta fyrir eignirnar og hvort það sé hætta fyrir fólk. Af því húsið var mannlaust fyrir utan þá sem taldir eru hafa kveikt í, þá er ekki hætta fyrir neina utanaðkomandi aðila. Þetta er hús sem stendur langt frá öðrum húsum þannig að það er ekki hætta á að eldur breiðist úr húsinu yfir í næstu hús sem setur fólk í hættu, og svo er skoðuð hætta á eignaspjöllunum, hvort það verði miklar skemmdir á eigninni, efnislegum hlutum.“ Við mat á almannahættu væri byrjað á að skoða „hvort íkveikjan sé þannig að eldurinn nái að breiðast út því að stundum eru íkveikjurnar með þeim hætti að eldurinn bara hjaðnar niður í því sem er kveikt í, og síðan er þetta í raun og veru bara rakið svona áfram, eldurinn kemst í vegg, loft eða önnur húsgögn til þess að magnast upp. Þannig að það er reynt að rekja þetta alveg bara frá byrjun og þá fer þetta mjög mikið eftir því hvaða upplýsingar eru í raun og veru til“. Matið hefði verið unnið mikið upp úr lögregluskýrslum og lítið verið að sjá annað en sviðna jörð og brunnið bárujárn. Einnig hefði verið athugað „hvað er mikill gróður þarna í kring, hvort að eldurinn gæti farið í sinu og ef það væri mjög hvasst þá getur hann náttúrulega breiðst út, en sem var ekki í þessu tilfelli, það virtist hafa verið hægviðri þannig að eldurinn er ekkert að fara nema bara í gróðurinn næst húsinu.“ Vitnið sagði nánar spurt að þar sem nær engar upplýsingar væru til um húsið hefði vitnið gengið út frá að það hefði verið byggt á sama hátt og „hús voru gerð á þessum tíma“ en einnig sæist greinilega á myndum úr lögregluskýrslu „af því sem var eftir af húsinu að þetta er greinilega hús sem er með timburgrind og tiltölulega lítilli einangrun, að öllum líkindum glerull, vegna þess að einangrunin virtist

vera mikið til horfin, síðan er þetta klætt með timburpanel bæði að utan og innan, og eiginlega allur svona timburpanell sem er innan í húsum frá þessum tíma, þetta er mjög þunnur panell og léttur sem gerir það að verkum að það þarf mjög lítið til þess að eldurinn komist í klæðningarnar og brenni þær og um leið og það er komið þannig af stað þá er í raun og veru þetta bara spýtnahrúga sem er að brenna og er alveg þekkt hvernig það gerist.“ Vitnið sagði að ekki hefði þurft mikinn eld til að svona færi, „þessi hús eru öll mjög viðkvæm og timburpanellinn í svona húsum er yfirleitt settur á grind þannig að það loftar bæði að utan og innan, þannig að um leið og eldurinn er kominn í panelinn þá er þetta bara eins og eldspýtur“.

Vitnið sagðist hafa skoðað hvort skipt hefði máli ef hringt hefði verið í slökkvilið. Húsið yrði alelda á tíu til fimmtán mínútum eða svo. Miðað við akstursfjarlægð hefði verið líklegast að húsið hefði verið alelda þegar slökkvilið hefði komið á staðinn og „þá er húsið sem slíkt orðið ónýtt“. Öruggt væri að húsið hefði verið rifið. „Það hefði orðið altjón á húsinu.“ Slökkvistarf hefði fremur snúist um að gæta þess að eldurinn breiddist ekki út í gróður.

Vitnið sagði að ekki hefði verið auðvelt að sjá upphafsstað eldsins í gögnum málsins en sagði að sig minnti að hann hefði verið talinn hafa verið í „alrýminu í húsinu, stofunni“. Nánar spurt um álit sitt á því hver upphafsstaðurinn hefði verið svaraði vitnið: „Niðurstaðan úr matinu og þróuninni á eldinum breytir í sjálfu sér ekkert hvort þetta var í þessu horni í stofunni eða einhverju öðru, það breytir í raun og veru ekkert niðurstöðunni.“ Enn nánar spurt sagði vitnið: „Það breytir engu með þróunina á eldinum og niðurstöðunni hvort þetta var í stofunni eða einhverju herberginu, í hvaða horni á stofunni þetta hefði verið, það skiptir engu máli í þessu dæmi.“

Vitnið staðfesti matsgerð sína.

Vitnið C byggingaverkfræðingur sagði, spurt um niðurstöður yfirmatsmanna, að kveikt hefði verið „vísvitandi í þessu og húsið verður ónýtt á innan við klukkutíma, mjög líklega“. Af myndum úr lögregluskýrslu mætti ráða að húsið hefði verið úr timbri, timbur væri „brennanlegt eftir og það eina sem er eftir er bárujárnið á þakinu“. Í yfirmatsgerðinni segi að húsið verði „alelda á þremur mínútum“, þá hafi orðið yfirtendrun og ekki við neitt ráðið.

Vitnið sagði að við yfirmatsstörfin hefði verið lagt „mat á hvort íkveikjan hafi haft í för með sér yfirgripsmikla hættu á eignum annarra“ og það mætti alveg „ætla það,

að það var, eins og ég segi, alelda á fimm mínútum þannig að það er augljós hættu.“ Þá hefði verið beðið um að háttsemi yrði metin, „og þetta er alveg skýrt að það er um eldsvoða að ræða og eldsvoði er líka tilgreindur sem mikill eldur sem ógnar eignum og umhverfi og lífi“.

Vitnið sagði að líklegt væri „að það hafi verið kveikt í þessu af ásettu ráði, bæði í eldhúsi og í stofu, það er talið að það hafi verið kveikt í kotta og teppi í eldhúsi og í stofu er kveikt í eldhúspappír og við timbur og stól“. Vitnið sagði að væri kveikt í stól hæfist bruni eftir mínútu og vaxandi eftir tvær mínútur en yfirtendrun eftir um þrjár mínútur. Eftir þrjár og hálfu mínútu brynni allt. Þetta hefði verið lagt til hliðsjónar við matið. Borið var undir vitnið hvort niðurstöður yfirmatsmanna breyttust ef ekki hefði verið kveikt í stól, kotta og teppi, og svaraði vitnið að niðurstöðurnar yrðu svipaðar, „af því að það er það mikill eldsmatur þarna inni, það eru panelklæðningar í innveggjum til dæmis og þeir eru auðbrennanlegir og ef það næst síðan að fara í timburpak og timburgrind að þá er þetta sambærilegt og dæmið sýnir. Þannig að eldsmaturinn er fyrir hendi, hvort sem það er stóll eða eldhúsbréf eða tuska eða teppi.“

Vitnið sagði að við yfirtendrun væri „hitastigið orðið það mikið, talað um 500 gráður, þá er bara mjög erfitt að ráða við eldinn, þá þarf eitthvað utanaðkomandi, vatn eða dufthylki eða eitthvað svoleiðis til að slökkva í því. Þú gerir það ekki með því að blása á það“.

Vitnið var spurt hvort yfirmatsmenn hefðu getað metið húsið þrátt fyrir að ekkert hefði verið eftir af því, þegar matið hefði farið fram. Vitnið svaraði að þeir hefðu metið eftir myndum „að þetta var timburhús og það er orðið alelda á fimm mínútum og hrun hússins tekur um sextíu mínútur“ eða minna.

Vitnið sagði að miðað við þann tíma sem tæki slökkvilið að aka frá slökkvistöð að húsinu, hefði húsið verið orðið „alelda, þó það hefði verið hringt eftir tvær mínútur frá upptökum eða þremur, eða mínútu, segjum það, þá er þetta orðið alelda þegar slökkviliði kemur á staðinn.“

Borið var undir vitnið að í yfirmatsgerð komi fram að matsmenn byggi ályktun sína um upphafsstað eldsins á gögnum í skýrslu rannsakara, og sé vísað til framburðar sakborningsins A, og var vitnið spurt hvort sérstök ástæða væri fyrir því að yfirmatsmenn horfðu frekar til framburðar hans en framburðar ákærða um þetta. Vitnið svaraði að svo væri í raun ekki, yfirmatsmenn hefðu haft lögregluskýrsluna „til hliðsjónar og þar kemur fram að í eldhúsinu var kveikt í kotta og teppi og svo í stofunni við arin var kveikt í

eldhúspappír.“ Vitnið var spurt hvort yfirmatsmenn hefðu ráðið eitthvað um upphafsstaðinn ef ákærði og A hefðu ekkert sagt um hann hjá lögreglu. Vitnið svaraði að „staðsetningin í stóra málinu skiptir ekki alveg öllu, hvort það sé í stofu eða eldhúsi eða baði eða hvað. Það verður eldur, hvort það sé út frá kerti eða hvað.“ Vitnið sagði að ekki hefði þurft tvo upphafsstaði, einn hefði nægt. Staðsetningin hefði í raun ekki skipt máli, „þetta er það fljótt að fara í gardínur, upp í þakið, ef það er komið í þakið þá er það enga stund að breiðast út.“

Vitnið staðfesti yfirmatsgerðina.

Vitnið D byggingafræðingur sagði að þegar yfirmatsmenn hefðu mætt á vettvang hefði verið búið að fjarlægja öll ummerki. Metið hefði því verið samkvæmt gögnum sem legið hefðu fyrir, og mat yfirmatsmanna hefði orðið „að miðað við þau gögn sem liggja fyrir og það sem hægt var að skoða að þetta myndi falla undir þessi lög, þessa grein, þannig að þarna hefði getað orðið meira tjón ef þetta hefði ekki verið á þessum árstíma og þetta veður, ekki rok eða vindur, þannig að þetta er niðurstaðan.“ Niðurstaðan væri sú „að það hefði getað kviknað í næsta sumarhúsi og þetta hefði getað fest í gróðri og öðru, sem það gerði ekki.“ Við matið hefði verið horft til þess að kveikt hefði verið í húsinu, „hvað hefði í raun og veru getað gerst ef þetta hefði verið að sumarlagi eða annað, hvort það hefði verið mögulegt að það hefði kviknað í nærliggjandi húsum eða húsi, sem að við töldum að hefði getað gerst. En það náttúrulega er snjór yfir öllu og það er logn þannig að eldurinn nær ekki að breiða sig út.“

Vitnið sagði að samkvæmt gögnum málsins „þá var kveikt í húsinu á tveimur stöðum og þar af leiðandi brennur það sem brunnið gat.“ Vitnið sagði að húsið hefði mjög líklega verið byggt úr timbri og þess vegna hefði það brunnið fljótt.

Borið var undir vitnið að í yfirmatsgerð komi fram að kveikt hafi verið í kodda og teppi og í eldhúspappír við arin. Vitnið sagði að þetta væri byggt á lögregluskýrslum en tók fram að það gæti ekki „sagt að það hafi verið gert“. Borið var undir vitnið hvort það hefði áhrif á yfirmatsgerðina ef aðeins hefði verið kveikt í eldhúspappír. Vitnið svaraði að það hefði „ekki afgerandi áhrif“.

Vitnið sagði að miðað við þær forsendur sem lögju yfirmatsgerð til grundvallar hefði húsið verið orðið alelda þegar slökkvilið hefði komið á vettvang, jafnvel þó hringt hefði verið til þess tafarlaust.

Vitnið var spurt hvort það atriði, að eldurinn hefði í raun ekki dreift sér í aðrar eignir, hefði haft áhrif á niðurstöður yfirmatsmanna. Vitnið sagði að yfirmatsmenn hefðu velt fyrir sér hvort veita ætti „afslátt“ vegna þess „að þessi eldur kemur upp á þessum tíma“. Vitnið tók fram að það væri ekki löglært en sagði það hafa verið mat yfirmatsmanna að ef „þetta hefði komið upp á öðrum tíma og við önnur veðurskilyrði þá hefði eldur getað breiðst út. En þetta var ekki þéttbýli en það eru hús þarna ekki mjög langt frá.“ Í yfirmatsbeiðni hefði verið spurt hvort háttsemin hefði valdið hættu en ekki hvort hún hefði „á þessum tíma“ valdið hættunni. Nánar spurt sagði vitnið að það hefði verið „heppilegt að þessi veðurskilyrði hafi verið þarna. Auðveldlega á þessum tíma hefði getað verið annað veður og þetta hefði getað dreift sér.“ Ef skyndilega hefði komið sterkur vindur hefði staðan getað breyst, „það er það mikill gróður á svæðinu að það hefði getað fest í nærliggjandi trjám og öðru“. Hugsanlega hefði eldurinn getað breiðst út með barrtrjám á svæðinu.

Borið var undir vitnið að í yfirmatsgerð segði að hugsanlega hefðu verið möguleikar á annarri atburðarás í öðru veðri og var spurt hvort forsendur yfirmatsins væru miðaðar við aðrar aðstæður en verið hefðu á umræddum degi. Vitnið svaraði að yfirmatsmenn hefðu horft „í þessa grein og hvort það sé hætta“ og bætti við: „Við þessi veðurskilyrði þarna gerist í raun og veru ekkert annað en að þetta hús brennur, það hefði getað farið verr. En það gerði það ekki. Í þessu veðri og akkúrat í þessum aðstæðum þá gerðist það ekki og myndi ekki gerast aftur við þessi veðurskilyrði“.

Vitnið staðfesti yfirmatsgerðina.

#### Niðurstaða

Ákærði mótmælir ekki lýsingu ákæru á háttsemi hans umrætt kvöld. Lýsingin fær næga stoð í gögnum málsins og þykir að þessu athuguðu óhætt að leggja til grundvallar að ákærði hafi viðhaft þá háttsemi er í ákæru greinir.

Ákærði kvaðst fyrir dómi hafa tekið blöð af eldhúspappír, kveikt í þeim og sett inn í skáp. Hjá lögreglu sagði lýsti maður sem mun hafa verið með ákærða á vettvangi, A, atburðarásinni á nokkuð annan veg. A gaf ekki skýrslu fyrir dómi. Húsið brann til kaldra kola og rústir þess fjarlægðar áður en matsgerðir voru unnar. Setti það matsmönnum augljóslega umtalsverðar skorður. Ályktanir í matsgerðum um upphafsstað elds virðast byggðar á því sem eftir A er haft í lögregluskýrslum en ekki er um það að ræða að rannsókn matsmanna á vettvangi hafi leitt upphafsstað eldsins í ljós. Að öllu

samanlögðu eru ekki efni til að leggja til grundvallar annað upphaf eldsins en það sem ákærði lýsti fyrir dómi. Ekkert er því til fyrirstöðu að slíkt upphaf, að hann hafi kveikt í eldhúspappír og skilið eftir logandi inni í skáp, hafi valdið brunanum. Ákærði setti logandi eldhúspappír inn í skáp í timburhúsi. Hlaut honum að vera ljóst að slíkt gat leitt til þess að kviknaði í húsinu öllu. Samkvæmt frásögn ákærða gerði hann ekkert til að hindra að svo færi og fylgdist ekki með eldinum sem hann kveikti heldur fór af staðnum. Er þannig fullnægt skilyrðum laga um ásetning.

Fyrir liggur að ekki var kallað á slökkvilið fyrr en eldurinn hafði slokknað. Verður að leggja til grundvallar að eldurinn hafi slokknað án þess að neinar aðgerðir manna hafi hafi komið að til að slökkva. Eldurinn breiddist ekki út í nálæg hús og ekki munu hafa orðið umtalsverðar skemmdir á gróðri. Atvikið varð í febrúar og snjór mun hafa verið yfir. Logn mun hafa verið og ekkert hefur komið fram um að miklar breytingar hafi orðið á veðri um nóttina, svo sem með umtalsverðum vindi. Þegar á allt framanritað er horft þykir ekki hafa verið leitt í ljós í málinu að rétt sé að heimfæra þá háttsemi ákærða, er varðar bruna hússins númer [...], til 1. sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga en verður hún þess í stað heimfærð til 1. og 2. mgr. 257. gr. sömu laga. Að öðru leyti verður háttsemi ákærða heimfærð eins og í ákæru greinir.

Fyrir liggur bótakrafa af hálfu TM trygginga hf. Samkvæmt gögnum málsins greiddi félagið umrædda fjárhæð í bætur til eigenda hússins sem brann. Hefur ekkert komið fram í málinu sem leiða ætti til þess að krafan yrði lækkuð. Krafan er studd gögnum og verður ákærði dæmdur til greiðslu hennar. Samkvæmt greiðslufirliti voru greiðslur inntar af hendi í áföngum, þeim síðasta hinn 7. júlí 2021. Fyrirkall var birt 4. janúar 2024. Verða vextir miðaðir við þetta. Þá verður ákærða gert að greiða bótakrefjandanum 150.000 krónur í málskostnað. Samkvæmt sakavottorði var ákærði í júlí 2022 dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot gegn 252. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Í desember sama ár var ákærði dæmdur í tólf mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 244. gr. og 252. gr. almennra hegningarlaga, vopnalagabrot og brot gegn 2. mgr. 48. og 1. sbr. 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga. Var dómur frá júlí sama árs dæmdur upp en um hegningarauka var að ræða. Loks var ákærði í apríl 2023 dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr., 1. mgr. 225. gr. og 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga. Var dómur frá desember 2022 dæmdur upp en um hegningarauka var að ræða. Þau brot sem ákærði er sakfelldur fyrir nú framdi hann fyrir uppsögu þessara dóma. Verður refsing hans nú

ákveðin sem hegningarauki. Ákærði var [...] ára gamall er hann framdi brotin. Töluverður tími er liðinn frá atvikinu. Fyrir dómi kom fram hjá ákærða að hann hefði snúið við blaðinu. Hann játar háttsemina. Þegar á allt er horft ákveðst refsing ákærða fangelsi í sex mánuði sem ekki er unnt að skilorðsbinda. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða á rannsóknarstigi og fyrir dómi, Leós Daðasonar ákveðast með hliðsjón af umfangi málsins og tímaskýrslu 2.418.000 krónur með virðisaukaskatti og í ljósi málsúrslita þykir rétt að ákærði og ríkissjóður greiði þá fjárhæð að jöfnu. Ákærða verður gert að greiða 41.500 krónur af öðrum sakarkostnaði en rétt þykir að kostnaður vegna matsgerða greiðist úr ríkissjóði. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákærvaldsins fór Sonja Símonardóttir saksóknarfulltrúi með málið. Þorsteinn Davíðsson og Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómarar og Ásmundur Ingvarsson verkfræðingur dæma mál þetta.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, Jón Valgeir Stefánsson, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákærði greiði TM tryggingum hf. 15.605.544 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 7. júlí 2021 til 4. febrúar 2024 en samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 150.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði að hálfu og ríkissjóður að hálfu 2.418.000 króna málsvarnarlaun verjanda ákærða, Leós Daðasonar lögmanns.

Ákærði greiði 41.500 króna sakarkostnað en að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Þorsteinn Davíðsson

Sandra Baldvinsdóttir

Ásmundur Ingvarsson